

Reykjavík, 9. desember 2019

**Til:** Skipulags- og samgönguráðs.

**Efni:** Fyrirspurn Viðreisnar um tekjur vegna leyfa fyrir torgsölu, leigu á dagsölusvæðum o.þ.h. á árinu 2018 og það sem af er árinu 2019.

Vísað er til fyrirspurnar Viðreisnar um tekjur vegna leyfa fyrir götu- og torgsölu dagsetta 4. desember sl. Fyrirspurning er svohljóðandi: „*Hverjar hafa verið tekjur vegna leyfa fyrir torgsölu, leigu á dagsölusvæðum o.þ.h. á árinu 2018 og það sem af er árinu 2019. Hver hefur nýting svæðanna verið, skipt eftir svæðum.*“

Starfsár götu- og torgsölu er frá 15. maí (ár 1) til 14. maí (ár 2) næsta ár á eftir. Þetta getur gefið misvísandi upplýsingar um tekjur tilgreinds starfsárs sé miðað við áramót. Til skýringa er rétt að taka fram að tekjur af torg- og götusölu á árunum 2017-2018 náði yfir innheimtar leigutekjur í landi Faxaflóahafna en samstarf borgarinnar við Faxaflóahafnir lauk árið 2018.

Tekjur af borgarhátíðum, þ.e. 17. júní, Reykjavík Pride og Menningarnótt falla niður á árinu 2020 þar sem borgarhátíðir fara til viðburðateymis skrifstofu menningarmála á næsta ári. Gera má ráð fyrir að tekjur minnki um 1 mkr. vegna þessara breytinga en með ákveðinni óvissu.

Eftirfarandi er gróf greining á nýtingu sölusvæða:

	Nýting %	Viðvera söluaðila
Markaðssöluaðilar/Einyrkjar	800	Tjöldin margnýtt
Dagsala		
Skólavörðuholt	100	
Frakkland	100	
Mæðragarður	100	
Hlemmur	50	
Arnarhóll	100	slök
Kalkofnsvegur	100	slök
Vitatorg	0	
Bernhöftstorfa	0	
Fógetagarður	30-60	lokað
Nætursala		
Lækjartorg	100	
Hverfasvæði	0	
Sumarsala	0	



Tekjur hafa verið samkvæmt neðangreindri töflu.

Tekjur (tímabil)	Kr.	Kr.
15/2 2017- 14/2 2018	9,505,273	
15/2 2018- 14/2 2019		8,317,384
15/2 2019- 10/10 2019		8,486,160

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson  
Skrifstofustjóri  
Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.